um þess, að þetta munar svo litlu, hefir eigi þótt taka því að skipta þessum kr. 102,80 í tvennt: áföllnu 31. desember og fyrirfram borguðu. 49

8. Á nefndu tímabili hafa verið gefnir út:

3000 50 króna seðlar	kr.	150,000,00
15000 10 —— —	—	150,000,00
8000 5 —— —	—	40,000,00
	= Kr.	340,000,00

9. Af þeim kr. 17525,03, sem taldar eru í sjóði 31. desbr. 1886 voru:

í gulli (þar af enskt gull 180 kr.)	kr.	5200,00
í silfri og kopar	—	880,03
í seðlum	—	11445,00
	= —	17525,03

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

Ágrip 50

af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1887.

	Tekjur:	Kr.	Kr.
1.	Í sjóði 1. jan. 1887		17525,03
2.	Seðlar meðteknir frá landssjóði		20000,00
3.	Borguð lán:		
	a, Fasteignarveðslán	2436,23	
	b, Sjálfsskuldarábyrgðarlán	2329,17	
	c, Lán gegn handveði	500,00	5265,40
4.	Innleystir víxlar		1600,00
5.	Innleystar ávísanir		200,00
6.	Vextir af lánum greiddir á tímabilinu 1. jan.—31. marz		850,68
	(Þar af vextir áfallnir á reikningstímabilinu	186,33	
	Fyrirfram greiddir vextir fyrir síðari reikningstímabil	664,35	
		850,68)	
7.	Disconto af víxlum og ávísunum		23,72
8.	Provision		0,83
		=	45,465,66

Gjöld:

1.	Lánað gegn:		
	a. Fasteignarveði	18995,00	
	b. Sjálfsskuldarábyrgð	2415,00	
	c. Handveði	150,00	
	d. Ábyrgð sveita og bæjarfjelaga	2650,00	24,210,00
2.	Keyptir víxlar		1025,00
3.	Keyptar ávísanir		125,00
4.	Kostnaður við bankahaldið:		
		Flyt	25,360,00

50

		kr.	kr.
	Flutt		25,360,00
a.	Laun	1833,30	
b.	Annar kostnaður	175,00	2008,30
5.	Í sjóði 31. marz 1887		18097,36
			= 45,465,66

Athugasemdir:

Eignir landsbankans 31. marz 1887 eru:

1.	Skuldabrjef:		
	a. Fasteignarveðskuldabrjef	305624,56	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	32780,83	
	c. Handveðsskuldabrjef	13750,00	
	d. Skuldabrjef bæja- og sveitarfjelaga	6600,00	358755,39
2.	Víxlar		3175,00
3.	Ávísanir		125,00
4.	Í sjóði		18097,36
			= 380,152,75

Landsbankinn hefir fengið úr landssjóði til 31. marz incl. í seðlum		360,000,00
Eign varasjóðs var talin við árslok 1886		7,706,38
Borgaðir vextir áfallnir 1887		9,744,36
Disconto af víxlum og ávísunum $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{3}$ 87		23,72
Provision af lánum $^{1}/_{1}$—$^{31}/_{3}$ 87		0,83
Eptirstöðvar 31. marz af 10,000 kr. þeim, sem veittar voru með l. $^{18}/_{9}$ 85	2677,46	
	=	380,152,75

Stjórn landsbankans í Reykjavík, í apríl 1887.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

51

Skýrsla

um aukafund amtsráðsins í suðuramtinu 20. október 1886.

Ár 1886 hinn 20. október var fundur haldinn af amtsráðinu í suðuramtinu. Á fundinum voru auk forseta, amtmannsins í suðuramtinu, amtsráðsmennirnir Dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum og kaupmaður, varaamtsráðsmaður, Guðmundur Thorgrímsen á Eyrarbakka.

Til umræðu kom á þessum aukafundi beiðni frá sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringusýslu um að fá samþykki og leyfi amtsráðsins í suðuramtinu til þess að mega taka hallærislán, að upphæð 19,700 kr., handa hreppum sýslunnar nema Grindavíkurhreppi og Hafnarhreppi, því þaðan var engin beiðni komin um lán.

Formaður lagði fram skýrslur, sem hann hafði útvegað um bjargræðisástand í sýslunni í haust, og ennfremur skýrslur um, hversu mikið hver hreppur þóttist þurfa að fá að láni til þess að afstýra neyð og hallæri, og einnig útskript úr gjörðabók sýslunefndarinnar af fundi 12. þ. m. (Framh.).

LAUSN FRÁ PRESTSEMBÆTTI.

16. apríl var presti að Hítarnesþingum, sjera Snorra Norðfjörð, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum sakir ellilasleika.